

# Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

2005



**Efnisyfirlit:**

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>4</b>
2. Lýsing á starfsemi skólans .....	5
2.1 Hlutverk .....	5
2.2 Umfang árið 2005 .....	5
Nemendur .....	5
Starfsfólk.....	7
Húsnæði.....	7
Kennarar.....	8
Kennslustundir og áfangar.....	9
Fjármál.....	10
2. 3. Stefnumskrá Menntaskólans við Hamrahlíð.....	10
Hlutverk .....	10
Markmið .....	10
Leiðarljós .....	10
Vörður .....	10
<b>3. Rammi um sjálfsmat MH</b> .....	<b>11</b>
Tilgangur.....	11
Tilurð .....	11
Stjórnun vinnu að sjálfsmati .....	12
Ramar og tímaviðmið .....	12
Skýrslur .....	13
<b>4. Sjálfsmat árið 2005</b> .....	<b>13</b>
4.1 Kannanir .....	14
Kennslukönnun (áfangamat).....	14
Líðan nýnema .....	14
Útskriftarefni.....	16
4.2 Greining tölfraeðilegra gagna .....	17
Einkunnalistar, samanburður milli anna, umsagnir deilda .....	17
Innritun nýnema .....	20
Meðalfjöldi eininga á önn .....	21
Mætingar nemenda og ný mætingarregla.....	22
Breytingar á aðsókn í öldungadeild.....	24
4.3 Áhersluverkefni .....	26
Úrbætur í húsnæðismálum.....	26
Breyttir kennsluhættir .....	26
Endurskoðaðar mætingarreglur .....	26
Listnám .....	26
Notkun upplýsingatækni í námi, kennslu og stjórnarsýslu.....	26
Endurmenntun .....	27
<b>5. SVÓT greining</b> .....	<b>27</b>
Sterkar hliðar.....	27
Veikar hliðar .....	27
Ógnanir.....	27
Tækifæri.....	28

<b>6. Samantekt og umbótaáætlun .....</b>	<b>28</b>
Það sem helst liggur fyrir á árinu 2006: .....	28
<b>7. Lokaorð .....</b>	<b>28</b>
<b>8. Viðaukar .....</b>	<b>29</b>
Tímaás, matsáætlun 2003 til 2007 .....	29
Verklýsingar.....	29
Sjálfsmatsteymi.....	29
Kennslukönnun.....	29

## 1. Inngangur

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs- og þróunaráætlunum. Með lögum um framhaldsskóla frá 1996 var skólum gert að stunda sjálfsmat á kerfisbundinn hátt. Formleg sjálfsmatsáætlun skólans var samþykkt árið 2003 og sama ár gerði KPMG úttekt á sjálfsmatskerfi skólans fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Í þeirri úttekt kom fram að sjálfsmatskerfið teldist ekki fram til þess tíma formlegt, lýsandi, greinandi og opinbert skv. viðmiðum menntamálaráðuneytisins en að það teldist að öðru leyti fullnægjandi m.t.t. þessara viðmiða. Síðan þá hefur fyrsta sjálfsmatsskýrsla skólans verið gefin út og er hún og nýrri skýrslur aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Frá árinu 2000 hefur skólinn verið í samvinnuverkefni um sjálfsmat undir stjórn Penelope Lisi, prófessors við fylkisháskólann í Connecticut í BNA og Sigurlínu Davíðsdóttur lektors við HÍ. Verkefnið hefur falið í því að nýta sér menningu skólanna við að móta sjálfsmatsaðferðir sem hæfa hverjum skóla fyrir sig og byggja á því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða færir í að setja upp og framkvæma sjálfsmat. Þessi leið að sjálfsmati er kölluð valdeflingarleið (empowerment evaluation) og stór þáttur í henni er að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Í skólanum er rík hefð fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun skólastarfsins. Sjálfsmatið hefur því einnig mótast af rökræðulýðræði (deliberate democratic evaluation). Allt starfið er síðan unnið í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Í þessum anda hefur verið unnið undanfarin ár og einnig reynt að hafa í huga að færast ekki of mikið í fang á hverju ári.

Í skýrslu um sjálfsmat í Menntaskólanum við Hamrahlíð er greint frá markmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs, ramma um sjálfsmat og vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2005. Sjálfsmatið er unnið á grunni samþykkrar stefnumörkunar skólastjórnenda og kennara. Gerð hefur verið gróf áætlun að starfi næstu ára þar sem gerð er grein fyrir þeim þáttum sem áætlað er að taka fyrir á hverju ári til ársins 2007 (sjá fylgiskjal 1). Skýrsla þessi er tekin saman af konrektor sem jafnframt er fulltrúi rektors í sjálfsmatsteymi skólans.

Fyrir hönd sjálfsmatshóps

Sigurborg Matthíasdóttir

## 2. Lýsing á starfsemi skólans

### 2.1 Hlutverk

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996*. Í lögnum segir m.a.:

*Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendum undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn skal leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugar þekkingarleitar.*


Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann: skv. *Aðalnámskrá 199,9* félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðabraut og samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, IB-nám (þ.e. nám til samræmðs alþjóðlegs stúdentsprófs).

### 2.2 Umfang árið 2005

#### Nemendur


Nemendafjöldi í dagskóla að loknum töflubreytingum var á vorönn 1005 og á haustönn 1060. Fjöldi nemenda í dagskóla er í hámarki og húsið hefur aldrei veri þétt settnara en á haustönn. Mikill þrýstingur var frá menntamálaráðuneyti um að skólinn tæki inn fleiri nýnema en undangengin ár vegna stærðar árgangsins sem er að útskrifast úr grunnskóla. Því var bætt við u.þ.b. 50 nýnemum og ábyrgðist ráðuneytið viðbótargreiðslu vegna þessara nema. Nemendafjöldi í öldungadeild var 293 á vorönn og 307 á haustönn.

Útskrifaðir stúdentar voru 166 og innritaðir nýnemar í dagskóla 314. Í dagskóla eru konur 56% nemenda en voru 55% og 58% árin á undan.




**Mynd 1. Kynjaskipting nemenda**

Að jafnaði er um helmingur nemenda dagskóla lögráða. Þegar skoðuð er búseta nemenda eftir lögheimili má sjá að nemendum utan Reykjavíkur hefur fjölgað hlutfallslega og virðist sú fjölgun koma að mestu frá nágrennasveitarfélögunum. Nemendum sem koma lengra að hefur hins vegar fækkað aðeins.



**Mynd 2. Lögheimili dagskólanemenda síðastliðin þrjú ár**

Flestir nemendur eru á náttúrufræðabraut. Skipting á námsbrautir er lítið breytt frá fyrra ári en fækkar aðeins á IB braut og einnig stunda færri nemendur nám á tveimur brautum. Fækkun nemenda á málabraut sem hafði orðið árið á undan virðist gengin til baka.



**Mynd 3. Skipting nemenda í dagskóla á brautir síðastliðin þrjú ár**

### Starfsfólk

Við skólann starfa 85 – 95 kennarar á hvorri önn, 3 yfirstjórnendur, 1 fjármálastjóri, 8 deildarstjórar (sem jafnframt eru kennarar) þar af 6 fagdeildarstjórar, 1 öldungadeildarstjóri og 1 deildarstjóri IB náms, 3 námsráðgjafar þar af 1 sem einnig er kennslustjóri fatlaðra, 1 hjúkrunarfræðingur í hálfu starfi sem einnig gegnir hlutverki forvarnarfulltrúa, 2 bókasafnsfræðingar, 2 skrifstofukonur, 2 kerfisstjórar, 1 tækja- og ljósritunarstjóri, 2 húsverðir og 10 – 12 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er um 125.


### Húsnæði

Skólahúsnæðið er í heild 7194 fermetrar. Í skólanum eru 33 kennslustofur, 2 stór rými með borðum fyrir nemendur, hátíðarsalur, skrifstofur og bókasafn. Skólinn er opinn 11 mánuði á ári en kennsla fer fram í 9 mánuði frá lokum ágústmánaðar til loka maímánaðar. Skólaárið skiptist í tvær annir. Haustönn sem lýkur með prófum í desemberlok og vorönn sem lýkur með prófum í maílok. Kennsluvikur á hvorri önn eru u.þ.b. 14½ vika og reynt að hafa annirnar sem jafnastar. Skólinn er þétt setinn og ágætlega tækjum búinn. Á bókasafni skólans

eru um 11 þús. bókatitlar, fjöldi myndbanda, geisladiska og í áskrift eru 22 tímarit. Á bókasafninu eru einnig vinnuborð og lessalur fyrir nemendur. Nemendur hafa aðgang að tölvum á bókasafni, á opnum vinnusvæðum í skólanum auk þess sem lögð er áhersla á að fartölvur skólans séu nýttar af nemendum í kennslustundum.

### Kennarar

Fjöldi kennara var að meðaltali 95 á árinu. Alls voru meðalstöðugildi í skólanum á árinu 115 og er það fjölgun frá árinu á undan. Kennarar skólans eru vel menntaðir og tæpur helmingur þeirra er með aðra eða þriðju háskólaprófgráðu. Nokkrir kennarar luku meistaranámi á árinu og nokkrir aðrir eru í meistaranámi. Þegar auglýst er eftir kennurum er tekið fram að æskilegt sé að þeir séu með meistarapróf og með því leggjum við áherslu á mikilvægi þess að kennarar okkar séu vel menntaðir. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi og einungis 1 til 2 stundakennarar sem kenna 6 kennslustundir eru án réttinda vegna sérhæfðra áfanga. Kynjaskipting meðal kennara er karlkyninu í óhag en einungis 33% kennara eru karlar og er það fækkun frá árinu áður. Þetta gerist þrátt fyrir að stjórnendur séu meðvitaðir um kynjahallann og hafi leitast við að hafa hann í huga, að öðru jöfnu, við kennararáðningar



Mynd 4. Menntun kennara



**Kennslustundir og áfangar**

Töflur hér fyrir neðan sýna yfirlit yfir kennda áfanga, fjölda hópa og kennslustunda annars vegar í dagskóla og hins vegar í öldungadeild.

**Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í dagskóla**

<b>2005</b>	<b>vor</b>			<b>haust</b>		
Deild	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Enska og Norðurlandamál.	26	42	264	27	48	272
Félagsfræðagreinar, líkamsrækt, kór og myndlist.	35	73	260	34	72	244
Íslenska og saga.	36	72	390	34	67	378
Raungreinar.	35	65	352	32	60	346
Stærðfræði, skák og bridds.	24	37	202	26	41	222
Franska, spænska, þýska, ítalska.	20	38	228	22	38	323
<b>Samtals</b>	<b>176</b>	<b>327</b>	<b>1696</b>	<b>175</b>	<b>326</b>	<b>1785</b>

Fækkun nemenda í öldungadeild verður til þess að kenndum áföngum í öldungadeild fækkar um 8% milli ára.

**Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í öldungadeild**

<b>2005</b>	<b>vor</b>			<b>haust</b>		
Deild	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Enska og Norðurlandamál.	5	5	15	4	4	12
Félagsfræðagreinar, líkamsrækt, kór og myndlist.	7	7	21	6	6	18
Íslenska og saga.	11	11	31	10	10	29
Raungreinar.	6	6	18	8	8	24
Stærðfræði, skák og bridds.	6	6	16	5	5	13
Franska, spænska, þýska, ítalska.	8	8	24	7	7	21
<b>Samtals</b>	<b>44</b>	<b>44</b>	<b>129</b>	<b>46</b>	<b>46</b>	<b>134</b>

## **Fjármál**

Fjárveitingar á fjárlögum til skólans á árinu námu 508,3 millj. kr. Vegna launabóta, nemendauppgjörs, forfalla, námsleyfa og tónlistarnáms fékk skólinn viðbótarfjárveitingar samtals 56,8 millj. kr. Nam endanleg fjárheimild til skólans 565,1 millj. kr. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 554,7 millj. kr. Fjárhagsáætlun skólans raskaðist lítillega á árinu vegna þess að ákveðið var á miðju ári (að ósk menntamálaráðuneytisins) að bæta við liðlega 50 nemendum frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Launabætur (20,8 millj.) og leiðréttingar á nemendaígildum (19,4 millj.) skýra launahækkanir milli ára. Á árinu varð 10,4 millj. kr. tekjuafgangur af rekstri skólans. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir skólans 71,2 millj. kr. og eigið fé var 60,3 millj. kr. Ráðgert er að nýta hluta uppsafnaðs rekstrarafgangs til þess að endurnýja ýmsan búnað og til þess að standa straum af ófyrirséðum útgjöldum þegar nýtt húsnæði verður tekið í notkun árið 2006.

## **2. 3. Stefnuskrá Menntaskólans við Hamrahlíð**

### **Hlutverk**

Menntaskólinn við Hamrahlíð er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

### **Markmið**

Markmið Menntaskólans við Hamrahlíð er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnsýslu og rækt við menningu og listir.

### **Leiðarljós**

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru ólíkar þarfir einstaklinga virtar og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð. Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.

### **Vörður**

Á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á

- að höfða til áhugasamra nemenda hvaðanæva að,
- að koma til móts við góða námsmenn,

- að þróa námsleið og stoðkerfi fyrir nýbúa við upphaf náms,
- að efla listnám,
- að vera í forystu um notkun upplýsingatækni í námi, kennslu og stjórnsýslu,
- að nýta dreifnám til að auka námsframboð, tölvulæsi og sjálfstæð vinnubrögð,
- að stuðla að samskiptum sem einkennast af virðingu og náungakærleik,
- að efla ráðgjöf um námsval,
- að bera kennsl á dyslexíu og veita viðkomandi nemendum tiltækan stuðning,
- að auka stuðning og aðhald við öldungadeildarnemendur,
- að standa fyrir virkri og markmiðatengdri endurmenntun,
- að auka við og endurbæta kennslu- og vinnuaðstöðu,
- að efla alhliða forvarnir og heilsuvernd,
- að semja jafnréttisáætlun og hrinda henni í framkvæmd,
- að efla umhverfisvitund,
- að nýta sjálfsmat í þágu umbóta,
- að auka samstarf við aðra skóla.

Um hvert atriði er gert ráð fyrir að til sé skrifleg áætlun um aðgerðir. Þær áætlanir má líta á sem fylgiskjöl stefnuskrárinnar og tryggingu fyrir framgangi hennar. Ekki var gert ráð fyrir að vinna markvisst að öllum atriðum vörðukaflans árið 2003, þar sem að um áætlun til næstu ára er að ræða.

### **3. Rammi um sjálfsmat MH**

#### **Tilgangur**

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans. Megintilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum og vera þannig eðlilegur hluti af starfs – og þróunaráætlunum.

#### **Tilurð**

Sjálfsmatskerfi Menntaskólans við Hamrahlíð er þróað af stjórnendum og starfsfólki skólans. Það er að verulegum hluta sprottið úr samantekt fjölmargra reglulegra athugana sem felldar hafa verið í eina heild með hliðsjón af viðmiðum menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat. Á undanförunum tveimur árum hefur verið unnið að gerð heildarskipulags sjálfsmats í skólanum. Að þeirri vinnu hefur komið hópur 10 til 12 kennara og stjórnenda skólans.

**Stjórnun vinnu að sjálfsmati**

Sérstakt teymi ber yfirábyrgð á framkvæmd sjálfsmatsins hverju sinni, skiptir verkum og stýrir framvindunni í samræmi við vinnuferla sem hlotið hafa samþykki hlutaðeigandi. Teymið er valið til allt að þriggja ára í senn; rektor velur einn fulltrúa og a.m.k tveir skulu valdir á kennarafundi. Meðal annars gerir teymið áætlun árlega um breytilegar kannanir, rýnihópa og o.fl. sem ekki er niðurneglt í langtímaáætlun. Teymið kynnir áætlunina og fylgir henni eftir.

**Rammar og tímaviðmið**

Valið skal í sjálfsmatsteymið eigi síðar en í nóvember það ár sem starfstími fyrra teymis rennur út. Heildaráætlun ásamt fullunninni tillögu fyrsta ársins skal lögð fram eigi síðar en 15. febrúar fyrsta starfsárið.

Meginstoðir áætlunarinnar eru sem hér greinir:

- Á hverjum þremur árum skal fara a.m.k. einn hring í kennslukönnun (áfangamati). Önnina eftir að deild (greinaflokkur) er í mati skal deildarfundur efna til umræðu um niðurstöður og leitast við að taka afstöðu til þeirra eða draga af þeim lærdóm. Greinargerð deildar fer til teymis eða undirhóps.
- Á hverjum þremur árum skal fara hring í þjónustukönnun (skrifstofa, námsráðgjöf, bókasafn o.fl.). Önnina á eftir skal rektor funda um niðurstöður með viðkomandi.
- Á hverjum þremur árum skal farinn hringur í starfsmannaviðtölum.
- Á hverjum þremur árum skulu yfirstjórnendur undirgangast einhvers konar mat á störfum sínum (Þetta mat getur verið blanda af innra og ytra mati).
- Á hverju ári skal taka saman tölfræði um valin atriði, hin sömu frá ári til árs. Sjálfsmatsteymi gerir í sinni árlegu áætlun tillögu um ný atriði ef þurfa þykir. Tölfræðin skal rædd á fyrirfram skilgreindum vettvangi.

- Á hverju ári skal efna til rýnihópa um valin efni (eftir atvikum ólík frá ári til árs) s.s. móttöku nýnema, stundvísi, skólasókn o.fl.
- Á hverju ári skal farið yfir formlega ársáætlun skólans og metið hvernig til tókst með viðeigandi skýringum.
- Á hverju ári skal gera tilteknar fastar kannanir í samræmi við tímaás heildaráætlunar. Um framkvæmd og úrvinnslu fer skv. almennu ferli sem kveður á um einstök atriði s.s. hverjir útbúa könnun, til hverra tekur hún, hvaða gagnavinnsla er áætluð og hvert niðurstöður fara.
- Á hverju ári skulu gerðar breytilegar kannanir (um efni sem eru á döfinni í skólanum) skv. samþykktum sjálfsmatsteymis.

### Skýrslur

Gera skal formlega skýrslu um sjálfsmat eftir hvert ár. Hún skal að hluta eða öllu leyti birt með ársskýrslu skólans (er hluti af henni), vera starfsfólki aðgengileg og birt á vef skólans. Sjálfsmatsteymi hlutast til um ritun skýrslunnar í samráði við rektor.

Stýrihópur í sjálfsmati er skipaður Aldísi Guðmundsdóttur sálfræðikennara, Lovísu Kristjánsdóttur dönskukennara, Pálma Magnússyni sögukennara og Sigurborgu Matthíasdóttur konrektor.

Áætlun um sjálfsmat á næstu árum má sjá í fylgiskjali 1.

### 4. Sjálfsmat árið 2005

Almennt gengur vel að fylgja eftir ramma um sjálfsmat eins og því er lýst í undanfarandi kafla. Þó er ljóst að nauðsynlegt er að hafa áætlunina sveigjanlega og að ekki er víst að takist að framkvæma allt sem talið er upp í meginstoðum áætlunar um sjálfsmat á næstu árum.

Hér verður stiklað á því helsta sem unnið var að árið 2005 en listinn er ekki tæmandi.


## 4.1 Kannanir

### Kennslukönnun (áfangamat)

Á árinu var framkvæmt áfangamat hjá félagsfræðadeild (félags-, sál- og þjóðhagfræði, auk myndlistar). Niðurstöður fóru til þeirra kennara og deilda sem matið beindist að og til rektors. Gögnin eru nýtt af deildum og einstökum kennurum og einnig í starfsmannaviðtölum. Leitast er við að fá fram umræður meðal kennara um niðurstöður áfangamats og annarra kannana sem fram fara undir umsjón sjálfsmatsteymis eða stjórnenda. Umræður fara fram á kennarafundum, deildafundum og milli einstakra kennara og stjórnenda. Áfangamatið er ætlað kennurum til aðstoðar við að meta stöðu sína og einnig fá deildarstjórar samanteknar niðurstöður fyrir sína deild eða fag. Rektor fær eintak af öllum könnunum og niðurstöðum þeirra. Í starfsmannaviðtölum kemur áfangamatið einnig til umræðu. Áfangamatið nær til fjögurra meginþátta sem snúa að: 1. áfanganum (sp. 1-5), 2. nemandanum (sp. 6-8), 3. kennslunni (sp. 9-12) og 4. kennaranum (sp. 13 -15) (sjá fylgiskjal x). Nemandinn merkir við 5 stiga skala þar sem einn er lægst (s.s. lítið, illa, lága) og fimm er hæst (s.s. mikið, vel, háa). Í þáttunum 2. – 4. er meðaleinkunn deildarinnar rúmlega 4 en 3,9 í þætti 1. Lægstu meðaleinkunn gefa nemendur kennslugögnum, 3,74 og hversu vel þeir hafi sjálfir sinnt áfanganum, 3,77. Hæsta einkunn er gefin við spurningu um hvernig þeim líði í kennslustundum eða 4,29. Meðaltal svara við öllum spurningum var 4,03 sem er svipuð útkoma og síðast þegar könnun var gerð hjá deildinni haustið 2002 en þá var meðaltalið 3,98. Meðaleinkunn flest allra þátta hefur hækkað milli ára þar á meðal eru nemendur aðeins jákfvæðari gagnvart kennslugögnum en þar hækkar meðaleinkunn örlítið, úr 3,68 í 3.74. Almennu má segja að nemendur séu ánægðir með áfanga og kennslu í félagsfræðadeild.

### Líðan nýnema

Á hverju hausti er haldinn kynningarfundur fyrir forráðamenn nýnema til þess að kynna þeim skólann og gefa þeim færi á að hitta umsjónarkennara, námsráðjafa og stjórnendur. Á þessum fundi er könnun lögð fyrir aðstandendur þar sem þeir eru spurðir um líðan nýnemanna í skólanum.



### Mynd 5. Líðan nýnema í skólanum

Svo virðist sem flestir forráðamenn telji að barninu þeirra líði vel eða mjög vel eða í 94% tilfella bæði haustin. Í sömu könnun er forráðamönnum gefinn kostur á að koma með nánari skýringu og benda á eitthvað sem betur mætti fara í skólastarfinu. Í athugasemdum er flest jákvætt en einnig kemur ýmislegt fram sem tekið verður til athugunar. Hér verða gefin nokkur dæmi um athugasemdir:

„Halda áfram með góð störf, reyna að hafa góðan mat eins og kostur er.“

Verið er að gera átak með fjölbreyttari mat og einnig að auka framboð á heitum mat. Nú er boðið upp á matarbakka með heitum mat tvisvar til þrisvar í viku. Samlokur og heitar pitsur seljast vel en þó er greinilegt að nemendur velja mjög gjarnan fljótlega bita s.s. snúða og gos. Erfitt hefur reynt að breyta þessu en áfram verður reynt.

„Það virðist vera sem einhverskonar"stéttaskipting" eigi sér stað hvað varðar t.d. setu nema í frítíma. Skapar óöryggi og erfitt fyrir þá sem eru ekki framhleypnir.“

Hér er tæpt á atriði sem mikið hefur verið rætt meðal nemenda, stjórnenda og námsráðgjafa undanfarin ár. Eitt af því sem gert hefur verið er að reynt hefur verið að hrista nýnemahópinn saman og auka samheldni þeirra með því að halda sérstök nýnemakvöld og fara með þau í nýnemaferð. Einnig var fjöldi nemendaborða á sameiginlegu svæði aukinn.

„Hugsanlega mætti styðja betur við nýnemana og hjálpa þeim við að fóta sig í gjörbreyttri veröld frá því sem grunnskólinn er fyrstu vikurnar.“

Reynt hefur verið að bæta upplýsingastreymi til nýnema með því að boða þau til sérstaks fundar og leggja áherslu á upplýsingagjöf í lífseiknitímum fyrstu vikurnar.


„Hann tók stöðupróf en vissi ekki að hann þyrfti að breyta sjálfur töflunni fyrr en eftir tvær vikur.“

Aukin áhersla hefur verið lögð á að nemendur hafi aðgang að áfangastjóra og konrektor strax að loknum kynningarfundum til þess að skoða hugsanlegar breytingar á stundatöflum.

### Útskriftarefni

Útskriftarnemendum hvefrrar annar er gert að ljúka þriðju og síðustu einingu í lífsleikni í sérstökum áfanga LÍL1211. Áfanginn er í umsjón rektors og þar er farið yfir ýmislegt sem stjórnendur telja mikilvægt fyrir stúdentsefni skólans að fjalla um s.s. fjármál, umhverfisvernd, jafnrétti, lýðræði, lánasjóð íslenskra námsmanna og kynningar á háskólanámi. Í lok áfangans er kannað hvaða gagn nemendur telja sig hafa haft af mismunandi þáttum áfangans. Í heild eru nemendur ánægðir með áfangann eins og sést á mynd 6.

10. Ég er ánægð(ur) með LÍL 121 í heildina



Mynd 6. Lífseikni útskriftarefna vorið 2005



Af einstökum umfjöllunarefnum eru nemendur ánægðastir með umfjöllun um fjármál. Í stefnuskrá skólans segir að eitt af markmiðum skólans sé velgengni brautskráðra nemenda. Í rannsókn á námsgengi nemenda við Háskóla Íslands árið 1989 kemur fram að 82% nemenda úr MH telja undirbúning sinn sæmilegan eða góðan, en aðeins 18% telja hann lélegan. Af þeim 10 skólum sem skoðaðir voru var MH í öðru sæti í samanlögðu hlutfalli þeirra sem töldu sig hafa sæmilegan eða góðan undirbúning úr menntaskóla. Ekki slæmt, þó auðvitað stefnum við að því að vera númer eitt. Í nýlegum gögnum dr. Friðriks H. Jónssonar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands kemur fram að í samanburði við aðra framhaldsskóla er meðaleinkunn MH nemenda á fyrsta ári í HÍ 7,29 en annarra skóla að meðaltali 7,04. Á seinni námsárum er meðaleinkun MH nemenda 7,16 en 6,85 úr öðrum skólum. Í rannsókn frá árinu 1992 segir Guðmundur B. Arnkelsson: „Athyglisverðara er að námsframvinda nýnema fer að tölverðu leyti eftir þeim framhaldsskóla sem þeir útskrifast úr, jafnvel að teknu tilliti til ólíkrar aðaleinkunnar og vals í deildir Háskólans.“ Í orðum Guðmundar felst að sé litið framhjá einkunn á stúdentsprófi og í hvaða deild HÍ stúdentinn fer, er það skólinn sem nemandinn kemur úr sem skiptir máli. Í mínum huga þýðir þetta að áhersla okkar hér í MH á sjálfsábyrgð og sjálfstæði nemenda og áhersla á það að nemendur temji sér öguð vinnubrögð skilar sér á næsta skólastig. Nemendur MH standa sig vel í Háskóla Íslands og sjálfsagt í öðrum háskólum líka þó ég hafi ekki tölur um það. Við vonum að gott gengi MH stúdenta í HÍ endurspegli að einhverju leyti þann undirbúning sem þeir hafa fengið hér.

## 4.2 Greining tölfræðilegra gagna

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Niðurstöður gagnagreininga eru sendar deildum til umfjöllunar.

### Einkunnalistar, samanburður milli anna, umsagnir deilda

Deildum var sent yfirlit yfir einkunnir, úrsagnir og mætingar á síðustu önnum. Í lok ársins 2004 var deildarstjórum falið að fjalla um yfirlit einkunna, úrsagnir og mætingar í samhengi við árin á undan með sínu fólki og að skila niðurstöðum í byrjun vorannar 2005.

Spurningar sem sendar voru til umfjöllunar í deildum voru eftirfarandi:

Mætingar nemenda

Eru einhverjir áfangar þ.s. mæting er sérstaklega góð?

Hvað gæti ráðið því?

Eru einhverjir áfangar þ.s. mæting er sérstaklega slæm?

Hefur orðið breyting til batnaðar milli ára?

Ef svo er ekki hvað væri hægt að gera til þess að bæta ástandið?

#### Árangur nemenda

Eru einhverjir áfangar þ.s. árangur nemenda er sérstaklega góður?

Hvað gæti ráðið því?

Eru einhverjir áfangar þ.s. árangur nemenda er sérstaklega slæmur?

Hvað gæti ráðið því?

Hefur orðið breyting til batnaðar milli ára?

Ef svo er ekki hvað væri hægt að gera til þess að bæta ástandið?

#### Úrsagnir

Hvernig gengur okkur að minnka úrsagnir úr áföngum?

Hefur orðið breyting til batnaðar milli ára?

Hvaða úrræði detta ykkur í hug til þess að minnka úrsagnir?

Niðurstöður þessara umræðna voru mjög misjafnar eftir deildum enda ekki endilega tilgangur umræðunnar að fá einhver lokasvör heldur frekar að skapa umræðu og skoðanaskipti. Hér verða gefin nokkur dæmi frá umræðum deilda.

Punktur úr niðurstöðum stærðfræðideildar þar sem fjallað er um einkunnir, mætingar og fall í áföngum:

Ekki er hægt að segja að statistíkin hafi komið á óvart. Það er meira fall í STÆ103 á vorönn en á haustönn og meira fall í STÆ203 á haustönn en vorönn (vorönn 2004 þó undantekning þar sem fall virðist óvenjumikið). Þess ber þó að geta að þó nokkrir nemendur á mála- og félagsbraut velja þennan áfanga í staðinn fyrir STÆ263 en þegar á hólminn er komin eru þeir ekki tilbúnir að leggja þá vinnu í áfangann sem til þarf og skipta yfir í STÆ263 á næstu önn.

Það er lítið fall í valáföngum og dregur úr falli í stærðfræði þegar komið er í efri áfangana enda hafa lakari nemendur þá síast frá. Fram kemur að það er mun minna fall í STÆ102 og STÆ122 heldur en í STÆ103 og er það miður að ekki hefur tekist að halda þessum áföngum inni þótt það sé greinilega ástæða til þess. Það er líka minna fall í STÆ263 en STÆ203 enda er minni áhersla á algebrupáttinn þar en í STÆ203 en algebran reynist nemendum erfiður þröskuldur nema þeir leggi verulega vinnu í hana.

Mæting er betri í valáföngum og efri áföngum á náttúrusviði eins og við var að búast en lakari á félagssviði og í fyrstu áföngunum. Áberandi lakari mæting er á vorönn í STÆ103 en á haustönn. Ekki kunnum við nein töfraráð til að bæta mætingu. Úrsagnir úr áföngum eru flestar í STÆ103 og áföngum á félagssviði m.a. STÆ363 sem er nú orðinn valáfangi. Svo er nokkuð um úrsagnir í STÆ303 en það eru aðallega nemendur sem hafa ákveðið að skipta yfir á félagssvið. Annars er ekki sérlega mikið um úrsagnir. Ekki fundum við neina snjalla lausn til að fækka úrsögnum.

Punktur úr niðurstöðum íslenskudeildar þar sem fjallað er um árangur nemenda:

Almennt um árangur

Okkur sýnist námsárangur í ÍSL1036 vera heldur lakari á vorönn en á haustönn. Einnig sýnist okkur námsárangur í ÍSL2036 vera heldur lakari á haustönn en á vorönn. Líklegasta skýringin á þessu er sú að flestir nemendur í ÍSL1036 á vorönn hafa fallið í áfanganum á haustönn og eru kannski þeir nemendur sem hættast er við að detta út úr skóla. Sama skýring gæti átt við um námsárangur í ÍSL2036 á haustönn.

Okkur sýnist árangur nemenda vera sérstaklega góður í valáföngum

Því kann að valda áhugi nemenda á viðfangsefninu sem þeir velja sjálfir og viljum við í þessu samhengi benda á góðan námsárangur í öðrum námsgreinum.

Hvað varðar sérstaklega slæman árangur...

...tökum við eftir því að einkunnir í ÍSL1036 eru áberandi lægri en grunnskólaeinkunnir í íslensku. Það er okkur umhugsunarefni og verður áfram.

Punktur úr niðurstöðum þýskudeildar þar sem fjallað er um mætingar:

Mæting er í það heila tekið svipuð (80 – 90%), en þó má sjá að mæting er best í 103 áföngunum og svo 403, 503 og 603, þ.e. efri áföngum. Einhvern veginn finnst okkur sem nemendur byrji oft vel en missi svo aðeins dampinn um miðbikið og taki sig svo aftur á í lokin. Hvers vegna, er ekki svo gott að segja, kannski gengur þeim ekki nógu vel að standa undir ábyrgð og skipuleggja tíma sinn í byrjun.

Þó mæting sé í það heila tekið nokkuð svipuð, eru þó nokkrar undantekningar sem við stöldrúðum við eins og t.d. í þýsku 103 vorið 2003, en þá er 2 hópar, annar með 85% mætingu og hinn með 76% mætingu. Við teljum að þarna gæti annars vegar verið um tilviljun að ræða, en hins vegar gæti líka skipt máli á hvaða tíma dags áfangarnir eru kenndir – þykjumst við greina að mæting sé oft slælegri í fyrsta tíma á morgnana en t.d. í síðasta tíma á daginn.

Við getum sem sagt ekki séð að mæting hafi batnað milli ára, en teljum að herða mætti mætingarreglur og gefa þannig minna svigrúm til fjarveru.

Punktur úr niðurstöðum frönskudeildar:

Að lokum: Við skoðun þessara talna fundum við ekkert sem bendir til sérstakra frávika eða neikvæðrar þróunar í áföngum frönskunnar.

Við hlerum hjá nemendum hvernig þeim líkar áfangarnir. Á gulu blöðunum í áfangamatinu í haust, kom í ljós að mörgum þótti FRA303 þungur og ofhlaðinn málfræði. Þess vegna höfum við ákveðið að reyna að breyta FRA303 strax á næstu önn og flytja hluta málfræðinnar yfir í FRA403. Breytist sá áfangi þá líklega (frá og með haustönn 2005) og mun honum ljúka með prófi, sama hvaða kennari kennir hann, enda er það miklu réttlátara gagnvart nemendum.


Auðséð var að aðsókn í frönskuáfangana í MH (sem og í öðrum framhaldsskólum) átti undir högg að sækja undanfarin ár. Við höfum ekki sofið á verðinum og beðið eftir því að þróunin breyttist, heldur snérum við vörn í sókn, svo nú á síðustu önn og á komandi önn er hagur frönskunnar allur að vænkast og vonum við að svo verði áfram.

Þessir punktar gefa til kynna fjörugar og fjölbreyttar umræður enda að að mörgu að hyggja þegar þessir hlutir eru skoðaðir. Niðurstöðurnar voru einnig umhugsunarefni fyrir stjórnendur enda fengu þeir ágætis innsýn í sjálfsrýni deildanna.

### Innritun nýnema

Há meðaleinkunn nemenda sem fá inngöngu í skólann og mikil aðsókn að skólanum segir okkur að skólinn höfði mjög vel til duglegra nemenda af öllu landinu.

Haustið 2005 sóttu 371 nemandi, sem lauk grunnskólaprófi um vorið, um MH sem fyrsta val, 321 sóttum um skólann sem fyrsta varaskóla og 242 sem annan varaskóla. Af þessum nemendum voru 218 teknir inn í skólann eða 59%. Að meðtöldum eldri nemendum og nemendum sem sóttu beint í IB námið var alls 265 nýnemum veitt skólavist. Eins og öll undanfarin ár fengum við margar umsóknir frá nemendum sem hafa staðið sig vel í bóklegum greinum grunnskóla eins og samræmdar einkunnir þeirra sýna.




Mynd 7. Einkunnir nýnema á samræmdum grunnskólaprófum

### Meðalfjöldi eininga á önn


Skólinn hefur á síðustu árum aukið möguleika duglegra nemenda til þess að ljúka fleiri en 18 einingum á önn með því að heimila þeim að bæta áföngum við stundatöflu sína eftir að töflugerð lýkur. Einnig geta duglegir nemendur nýtt sér hraðferðir, helst í byrjunaráföngum og tekið áfanga þar sem ekki er krafist mætingar í tíma (P-áfanga).

Eins og sést á mynd 8 hefur meðaleiningafjöldi sem nemendur eru skráðir í við upphafi annar aukist á undanförunum árum. Fjöldi eininga sem nemendur hafa gengið til prófs í hefur einnig aukist jafnt og þétt. Gera má ráð fyrir að nú sé að nást hámarksfjöldi eininga enda meðalfjöldinn sem skilar sér til prófs kominn í tæpar 18 einingar að meðaltali.



**Mynd 8. Breytingar á meðaleiningafjölda árin 2000 – 2005**

Nýtingin hefur einnig batnað undanfarin ár sem sést á því að æ fleiri einingum er skilað til prófs. Á tímabilinu 2000 til 2005 fór mismunurinn milli skráðra eininga og nýtttra úr 1,87 í 0,75. Nemendum hefur því gefist kostur á að ljúka fleiri einingum og þeir virðast nýta sér þann möguleika.



### Mynd 9. Mismunur á meðalfjölda eininga í upphafi annar og til prófs árin 2000 – 2005

Hins vegar verður að reikna með að áfram verði einhverjar sveiflur í fjölda eininga og nýtingu þar sem gera má ráð fyrir að þær séu háðar fjölda og samsetningu nýnemahóps á hverju hausti. Engu að síður er það jákvæð þróun að nemendur skili sér betur til prófs í þeim áföngum sem þeir hefja nám í á hverju ári.

### Mætingar nemenda og ný mætingarregla

Dreifing mætingareinkunnna er mjög svipuð á vor- og haustönn. Þó má greina að fleiri nemendur virðast falla á mætingu eða hætta og fá einkunnina 3, á vorönn en á haustönn. Þetta kemur ekki á óvart þar sem nýnemar á vorönn eru blandaðri hópur yngri og eldri nemenda en nýnemar að hausti koma flestir beint úr grunnskóla.

Á haustönn 2004 tók ný regla um skólasókn gildi. Reglan um framhaldseinkunn gerir nemendum skylt að fá minnst 5 í skólasókn á hverri önn og minnst 6,5 að meðaltali eftir hvert skólaár. Tilgangurinn með þessari nýju reglu er að bæta mætingu nemenda og þá sérstaklega að minnka líkurnar á því að nemendur mæti mjög illa margar annir í röð.


Í lok vorannar voru teknar saman tölur yfir afdrif þeirra nemenda sem nýju mætingarreglurnar náðu til.

**Tafla 3. Afdrif nemenda sem ekki stóðust nýja mætingarreglu**

fæðingarár	fjöldi nemenda	útskrifast um vorið	boðinn samningur	hætt	fara í öldungadeild
88	11	0	11	0	0
1987	27	0	25	2	0
1986	38	2	31	3	2
1983-1985	47	20	11	6	10
	123	22	78	11	12


Í töflu 3 sést að þegar búið er að taka tillit til veikinda og félagslegra aðstæðna eru 123 nemendur (eða um 12%) sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarkseinkunn 6,5 yfir skólaárið 2004 til 2005. Af þeim var 78 nemendum eða 63% boðið að halda áfram námi á haustönn með því skilyrði að þeir gerðu samning um bætta mætingu.

Mætingar á vor- og haustönn árið 2005 eru betri en árið á undan. Sérstaklega er þetta áberandi meðal stráka þar sem meðalmætingareinkunn hækkar um tæplega einn heilan. Mætingar virðast því hafa batnað með tilkomu nýju reglunnar. Þetta er jákvæð þróun og eins og vonir stóðu til. Enn er þó of snemmt að segja hver áhrifin verða yfir lengri tíma en með því verður fylgst áfram.

**Mynd 10. Breytingar á meðalmætingareinkunnum 2004 og 2005 eftir önnum**


### Breytingar á aðsókn í öldungadeild

Nemendum í öldungadeild fækkaði um fjórðung frá síðasta ári og eru nú um 300 en voru fyrir 10 árum nær 500.



**Mynd 11. Fjöldi nemenda í öldungadeild skólans síðustu þrjú ár**

Hvað ylli þessari fækkun var mikið til umræðu meðal kennara og stjórnenda á árinu eins og undanfarin ár. Mynd 12 sýnir þróunina frá árinu 1997 í fjölda nemenda í kvöld- eða fjarnámi á landinu öllu.




**Mynd 12. Fjöldi nemenda í kvöld-eða fjarnámi á landinu öllu árin 1997 - 2005**

(Tölur frá Hagstofu Íslands)



Augljóst er að fjarnám hefur aukist mikið á kostnað hefðbundinna kvöldskóla og skýrir það eflaust að hluta fækkun nemenda í öldungadeild MH.

Við nánari greiningu, sbr. mynd 13, kemur síðan í ljós að nemendur yngri en 30 ára hafa í auknu mæli sótt í fjarnám og að þeim hefur fækkað að sama skapi í kvöldskólum landsins. Eldri nemendur halda enn meiri tryggð við kvöldskóla og staðbundið nám.



**Mynd 13. Breytingar á fjölda nemenda í kvöld- eða fjarnámi eftir aldri** (Tölur frá Hagstofu Íslands)

Frá árinu 1997 hefur yngri nemendum í kvöldnámi fækkað um 30% og eru orðnir færri en eldri nemendur árið 2005. Á sama meðan eldri nemendum hefur fækkað um 13%. Gríðarleg aukning hefur hins vegar orðið á fjarnámi og þar eru yngri nemendur í meirihluta.

Á kennarafundum á lagningardögum vorannar var meðal annars rætt um hvort breyta ætti stundatöflu öldungadeildar þar sem ef til vill væri fólk ekki tilbúið til þess að vera eins lengi að á kvöldin og áður. Einnig var rætt um hvort taka ætti upp lotukerfi þar sem svo virðist sem nemendur hætti frekar í öldungadeild þegar líður á önnina. Guðmundur Edgarsson deildarstjóri öldungadeildar benti kennurum m.a. á að það væri komin reynsla á lotukerfi í sumarskóla og hraðbraut. Samkvæmt könnun sem gerð var meðal nemenda öldungadeildar síðastliðið haust kom fram að 70% nemenda eru fylgjandi einhvers konar lotukerfi. Ekki reyndist grundvöllur fyrir því að taka upp lotukerfi haustið 2005 en ákveðið var að byrja að kenna fyrir á daginn. Öldungadeildarkennsla mun því hefjast kl. 16:45 í stað 17:30 eins og hefur verið hingað til. Ljóst er að umræða um fækkun nemenda og fyrirkomulag kennslu í öldungadeild heldur áfram.

### 4.3 Áhersluverkefni

#### Úrbætur í húsnæðismálum

Unnið var að þarfagreiningu fyrir nýtt kennsluhúsnæði. Stjórnendur lögðu áherslu á að auk líkamsræktarhúss yrði gert ráð fyrir nýjum kennslustofum í raungreinum og að húsnæði bókasafnsins yrði bætt. Eins og gefur að skilja kallaði þarfagreiningin á heilmikla sjálfskoðun og umræður hjá kennurum og bókasafnsfræðinum. Mikil og góð vinna var unnin meðal líkamsræktar- og raungreinakennara og starfsmanna bókasafns vegna þarfagreiningarinnar.

#### Breyttir kennsluhættir

Kennarar hafa haldið áfram að nýta sér möguleika kennslukerfisins Angel og æ fleiri verkefni eru unnin á vefnum eða skilað í rafrænu formi.

#### Endurskoðaðar mætingarreglur

Eins og fram kemur í umfjöllun hér frammar í skýrslunni virðast breyttar mætingareglur hafa haft áhrif til hins betra á mætingar nemenda.

#### Listnám

Ekki hefur mikið áunnist í því að koma tónlistar- og listdanskjörsviðum í fastara form enda ekki ljóst hvert menntamálaráðuneytið vill stefna í þeim málum. Skólinn heldur áfram að meta viðurkennt tónlistarnám til kjörsviðs og er farinn að meta 12 einingar af heilsteyptu myndlistarnámi og leiklistarnámi sem kjörsvið annarra brauta.

#### Notkun upplýsingatækni í námi, kennslu og stjórnslu

Áfram hefur verið haldið uppbyggingu á tölvukerfi skólans og einnig að bjóða kennurum upp á námskeið í upplýsingatækni. Ráðgjafi í upplýsingatækni hefur haldið nýjungum að kennurum og stjórnendum. Kennarar hafa í auknum mæli tekið upp Angel dreifkennsluumhverfið í dagskóla og öldungadeild þar sem það er notað sem hluti af dreifnámi í 10 til 15 áföngum.

**Endurmenntun**

Áfram hefur verið boðið upp á námskeið tengd upplýsingatækni s.s. námskeið í notkun Angelkerfisins. Skólinn endurgreiðir einnig kennurum kostnað við námskeið sem þeir sækja að eigin frumkvæði. Úthlutanir úr endurmenntunarsjóði MH var árið 2002 kr. 324.100 en árið 2003 kr. 362.200 og árið 2005 213.168 kr. Kennarar hafa eitthvað sótt minna í sjóðinn árið 2005 en næstu tvö ár á undan. Ekki er ljóst hvaða ástæður liggja að baki t.d. hvort meira sé sótt til KÍ en áður en sjálfsagt að fylgjast með því hver þróunin verður á næstu árum.

**5. SVÓT greining****Sterkar hliðar**

Vel menntaðir, reyndir og áhugasamir kennarar

Fjölbreytt námsframboð

Mikill hluti nemenda með góðar einkunnir úr grunnskóla

Gott bókasafn

Góð námsráðgjöf

Lýðræðishefð í ákvarðanatöku er varða stefnumál skólans

Samhentir stjórnendur

**Veikar hliðar**

Takmarkað húsnæði

Þröngur fjárrammi

Ekkert líkamsræktarhús

Mætingar nemenda

Nemendur eyða of litlum tíma í heimanám

**Ógnanir**

Breytingar á námskrá sem þrengja að frjálsum vali nemenda og þar með námsframboði

Kennarar dragist aftur úr öðrum háskólamenntuðum starfsmönnum í launum

Vinna nemenda með námi

Minnkandi aðsókn í öldungadeild

**Tækifæri**

Fjölbreyttur bakgrunnur kennara

Gott orðspor skólans

Mikil aðsókn sterkra námsmanna

Ný og bætt aðstaða til raungreina- og líkamsræktarkennslu

Stækkað og bætt bókasafn

**6. Samantekt og umbótaáætlun**

Ágætlega hefur miðað í því að vinna stefnumálum skólans framgang og áfram verður haldið á þeirri braut. Ný markmið verða sett eftir því sem önnur eru uppfyllt.

**Það sem helst liggur fyrir á árinu 2006:**

- Vinna áfram að úrbótum í húsnæðismálum skólans og bættri starfsaðstöðu nemenda og kennara.
- Skoða áhrif breyttrar stundatöflu öldungadeildar á aðsókn og brottfall.
- Vinna að umhverfisstefnu skólans með það að markmiði að gera starfsemi hans umhverfisvænni og starfsmenn meira vakandi fyrir umhverfismálum.
- Starfsfólk skólans haldi áfram að hafa áhrif á mótun nýrrar námskrár með það að markmiði að viðhalda fjölbreyttu námsvali nemenda og að námið verði áfram góður undirbúningur fyrir háskólanám. Áfram þarf að vinna að því að nám við MH verði ekki skert þegar áform um þriggja ára framhaldsskóla koma til framkvæmda.

**7. Lokaorð**

Öll starfsemi skólans miðar að því að gera góðan skóla enn betri. Starf að sjálfsmati í MH byggir á því að þeir sem eru á akrinum taki virkan þátt í að móta starfið og nauðsynlegar umbætur. Þessi sjálfsmatsskýrsla er ekki tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum og tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að

bæta starf skólans. Hins vegar gefur hún mynd af starfsemi skólans og sífeldri viðleitni til þess að bæta skólastarfið. Öllum sem lagt hafa hönd á plóg er þakkað fyrir gott starf í þágu skólans.

## **8. Viðaukar**

Eftirfarandi viðaukar fylgja skýrslunni:

**Tímaás, matsáætlun 2003 til 2007**

**Verklýsingar**

**Sjálfsmatsteymi**

**Kennslukönnun**